

**Nýtt mat á afrennsli landsins, 1.
áfangaskýrsla**

Jóna Finndís Jónsdóttir

Greinargerð JFJ-2004-02

Nýtt mat á afrennsli landsins, 1. áfangaskýrsla

Inngangur

Á Vatnamælingum Orkustofnunnar hefur um nokkurt skeið hefur verið unnið að nýju afrennsliskorti landsins. Eldra kort af afrennsli landsins var gert af Hauki Tómassyni árið 1981. Undirbúningur að gerð afrennsliskorts hefur verið kostaður af Auðlindadeild Orkustofnunnar auk þess sem afrakstur ýmissa annarra verkefna, er lúta að vatnafari, nýtast við verkið.

Íslenska rannsóknarverkefnið *Veður og orka* (www.os.is/vvo) tengist norræna rannsóknarverkefninu *Climate and Energy* (www.os.is/ce) og forvera þess *Climate, Water and Energy* (www.os.is/cwe). Umtalsverður hluti verkefnanna snýr að notkun vatnafræðilegra líkana til að meta áhrif veðurfars á vatnafar. Því er vinna við gerð afrennsliskorts að hluta fjármögnuð af þessum verkefnum.

Gerð afrennsliskorts krefst þess að gögn af ýmsum toga og frá ólíkum aðilum séu tengd saman í landfræðilegur upplýsingakerfi og að líkan sé notað til að nýta hinar mismunandi upplýsingar til að líkja eftir vatnakerfi hvers svæðis.

Gögn

Veðurgögn

Veðurstöðvar á landinu eru strjalar og talið er að víða gefi úrkomumælar of litla úrkomu, sérstaklega þegar úrkoma fellur sem snjór og þegar hvasst er. Í þessu verkefni er því leitast við að nota úrkomu og önnur veðurgögn sem Reiknistofa í Veðurfræði hefur reiknað með MM5 líkani sem notar gögn frá ECMWF stofnuninni. Samanburður á úrkomu frá líkaninu við afkomumælingar á jökli hafa komið vel út (Ólafur Rögnvaldsson og Haraldur Ólafsson, 2004). Í grein eftir Ólaf Rögnvaldsson og fleiri (2004) eru MM5 líkanreikningarnir bornir saman við úrkomumat byggt á tölfræðilíkani þar sem notuð var mæld úrkoma ásamt landhæð og öðrum landfræðilegum stuðlum. MM5 líkanið og tölfræðilíkanið gefa svipaða úkomudreifingu á svæðum þar sem mæld gögn eru til og MM5 líkanið gefur trúverðuga mynd af úrkomu í fjalllendi þar sem lítið er um mæld gögn. Almennt gefur MM5 líkanið mun meiri úrkomu en tölfræðilíkanið en það kann að vera vegna þess að mæld úrkoma er oft minni er raunveruleg, ekki síst í hvassviðri. Gögnin úr MM5 líkaninu hafa áður verið notuð í vatnafræðilíkanið HBV og er greint frá því í skýrslu Jónu Finndísar Jónsdóttur og Jóns Sigurðar Þórarinssonar (2004).

Búið er að keyra MM5 veðurlíkanið fyrir Ísland frá ágúst 1987 til júní 2003. Lárétt upplausn er 8 km og fjöldi lóðréttra reikniflata er 23, með efsta flöt í 100 hPa. Heildar gagnamagn er um 340 GByte og liggja gögnin á tölvueykinu Sleggjuni sem er til húsa í

Orkugarði. Verið er að þróa gagnaviðmót fyrir gögn úr líkankeyrslum til að auðvelda notendum að ná í veðurgögnin úr líkaninu, gagnaviðmótið mun væntanlega verða tilbúið í byrjun árs 2005. Þau gögn úr veðurlíkaninu sem notuð eru í líkankeyrslum fyrir afrennsliskortið eru dagsgildi úrkomu, hita í 2 metra hæð, vindstyrks, rakastigs og inngeislunar.

Rennslisgögn

Um 200 vatnhæðarmælar eru í rekstri hjá Vatnamælingum Orkustofnunar og er meira en helmingur þeirra rennslisstöðvar. Vatnshæð og rennsli þessara stöðva er varðveitt í gagnagrunni Vatnamælinga Orkustofnunnar ásamt gögnum frá fjölda mæla sem hafa verið starfræktir um eitthvert skeið og stökum rennslismælingum út um allt land.

Núverandi kerfi rennslisgæfra vatnshæðarmæla nær til um helming landsins og ber þess ótvíræð merki að það er byggt upp frá grunni með orkuhagsmuni í huga. Vatnshæðarmælarnir eru margir settir niður meðfram hálandisbrúninni, enda er vatnsorkan bundin því að nýta fallið sem best frá hálandi til láglandis.

Gagnagrunnur Vatnamælinga Orkustofnunnar verður notaður eins og kostur er til að kvarða vatnafræðilíkan af landinu. Bæði verða notaðar tímaráðir rennslis við vatnshæðarmæla sem og samanburðarmælingar í nálægum vatnsföllum.

Nú þegar hafa verið sett upp líkön af vatnasviðum Norðurár og Hvítár í Borgarfirði og Vatnsdalsár í Húnavatnssýslu.

Grunnvatn

Kort af berg- og sprungulekt landsvæða eru til af stórum svæðum landsins. Þau kort hafa verið notuð á verkfræðistofunni Vatnaskilum við líkön þeirra af ýmsum vatnasviðum. Kortin hafa fæst verið til á tölvutæku formi á Orkustofnun en nú er unnið að því að taka þau inn í landfræðilegt upplýsingakerfi (Helga P Finnsdóttir o.fl. 2004). Þar sem kortin hafa ekki öll verið tölvutekin og ekki er til þekja af öllu landinu er ekki byrjað að nota þau við gerð afrennsliskortsins.

Fyrir þau svæði þar sem ekki eru til kort af lekt og leiðni jarðlaga má e.t.v. nota jarðfræðikort frá Náttúrufræðistofnun (1:500.000), þar sem reynt verður að tengja berglekt við bergflokkun.

Inn í jarðvegspátt líkansins sem notað er við afrennsliskortagerðina er notað jarðvegskort RALA (1:500.000). Upplýsingar um vatnsheldni jarðvegs fengust hjá Jóni Guðmundssyni (2004) en því miður er lítið til af frekari upplýsingum um vatnafræðilega eiginleika íslensk jarðvegs og því eru ýmsir aðrir stuðlar í jarðvegspætti líkansins óþekktir.

Jöklar

Innan verkefnisins íslenska og norrænu verkefnanna um áhrif loftslagsbreytinga á orkugeirann er hópur sem fjallar um áhrif loftslagsbreytinga á jökla. Unnið verður með jöklahópnum til að tengja niðurstöður þeirra inn í vatnafræðilíkanið.

Gróðurfar

Stafrænt gróðurkort RALA (1:500.000) er notað við útreikninga á uppgufun. Kortinu er skipt upp í 1 x 1 km reiti þar sem hver reitur tekur gildi þess gróðurflokks sem þekur mestan hluta reitsins.

Landlíkan

Fram til þessa hefur verið notað landlíkan sem fengið var frá Landmælingum Íslands landhæðarlíkan, sem gert var af kortagerðarstofnun bandaríska hersins (DMA), líkanið hefur 90m reitstærð sem hægt er að endurmeta fyrir stærri reiti (svo sem 1 x 1 km). Nú hefur verið unnið nýtt hæðarlíkan af landinu fyrir rannsóknarverkefnið Veður og orka (Icelandic Meteorological Office o.fl. 2004). Nýja hæðarlíkanið er byggt á bestu kortum, bæði á landi utan jökla sem og á jöklum og hefur reitskiptinguna 500 x 500m. Þetta nýja líkan verður framvegis notað við gerð afrennsliskortsins.

Hugbúnaður

WaSiM-ETH líkanið er svissneskt reitskipt vatnafræðilíkan sem notað hefur verið með góðum árangri í Ölpunum og víðar. Líkanið hefur verið sett upp fyrir þrjú vatnasvið, Norðurá í Borgarfirði, Vatnsdalsá í Húnavatnssýslu og Hvítá í Borgarfirði. Líkanið er tengt við hugbúnaðinn PEST (<http://www.sspa.com/PEST>) til að stilla líkanið af. Í MATLAB eru niðurstöður líkansins teiknaðar til þess að notandinn geti metið árangur þess sjónrænt, ásamt því að bera það saman við mæld gögn á tölfræðilegan hátt.

ArcGIS hugbúnaður frá ESRI er notaður til að samtvinna landfræðigögn frá ýmsum aðilum. Út úr ArcGIS eru svo flutt gögn í Ascii skráum sem líkanið WaSiM notar. Einnig er ArcGIS notað til að birta niðurstöður WaSiM líkansins, dreifingu afrennslis innan vatnasviðsins, uppgufun, snjósöfnun og fleira.

Í WaSiM-ETH má ráða stærð ferningslaga reita sem líkanið er keyrt fyrir. Val á stærð miðast við hve nákvæm inntaksgögn eru, hve mikilli nákvæmni er óskað eftir í reikniniðurstöðum og hversu mikið tölvuafli er til reikninga. Hér hefur verið valin reitstærðin 1 x 1 km. Í hverjum reit líkansins er reiknað út hvað verður um það vatn sem til fellur, hvert grunnrennslíð er, hvort snjór sé að falla eða leysa o.s.frv. Líkanið er samsett af nokkrum einingum og er notandanum frjálst að velja hvaða hlutar þess eru notaðir og víða hvaða aðferðir eru notaðar til útreiknings. Helstu hlutar þess eru eftirfarandi:

- Úrkomu, rigningu og snjó, má leiðrétta, bæði með föstum margföldunarstuðli og með margföldunarstuðli sem er í réttu hlutfall við vindstyrk
- Hitastig má leiðrétta með margfeldi af geislun/sólskinsstundum
- Uppgufun er reiknuð út með formúlum Penman-Monteith (notað hér), Hamon, Wendling eða Haude.
- Snjósöfnun og bráðnun er reiknuð með gráðudagalíkani, gráðudaga- og vindlíkani (notað hér), aðferð Andersson eða Braun.
- Afrennslis jökla má reikna með gráðudagalíkani eða gráðudaga- og geislunarlíkani

- Úrkomunám (e. interception) gróðurs er reiknað út frá stuðlum sem tengdir eru við gróðurkortíð. Þegar gróðurinn tekur ekki við meiru fellur frekari úrkoma/snjóbráðnun til jarðar.
- Innsig vatns (e. infiltration) er tengt jarðvegslíkaninu og reiknar út hversu mikið vatn sígur í jörðu og hvort/hve mikið beint afrennsli er.
- Jarðvegshlutinn reiknar út hvað verður um það vatn sem sígur í jörðu og hvert það rennur. Þar má nota Richards-jöfnu (notuð hér) eða Topmodel aðferð.
- Grunnvatnslíkanið má setja upp og nota inn í það upplýsingar um lekt jarðlaga, annað hvort með einum eða fleiri geymum. Þessi hluti hefur ekki verið prófaður enn.
- Áveita, ef svæði eru vökvuð breytir það vatnakerfinu þar sem meira gufar upp. Setja má inn í líkanið upplýsingar til að reikna með því.
- Flutning uppleystra efna má reikna út með líkaninu og er sérstökum hluta þess ætlað það hlutverk.
- Straumlíkan, af hæðarlíkani eru ýmsar upplýsingar um rennislíleiðir leiddar og vatninu sem safnast í læki og ár er fylgt eftir frá einum reit til annars uns kemur að safnpunkti.

Í WaSiM-ETH eru stuðlar sem þarf að kvarða með einum eða öðrum hætti. Lengi mætti sitja við að prófa mismunandi samsetningar af stuðlum til að finna “bestu” niðurstöðuna. Þar sem vatnasviðin eru mörg sem á að kvarða líkanið inn á og tíminn leyfir ekki mikla yfirsetu yfir vatnafræði hvers vatnasviðs fyrir sig er hugbúnaðurinn PEST góður kostur til að nota við kvörðun líkansins.

PEST hugbúnaðurinn er keyrður með ákveðnum líkanskrám sem segja til um hvaða stuðlum má breyta og innan hvað marka má breyta þeim. Hægt er að láta PEST keyra líkön og meta gögn frá nokkrum vatnasviðum í einu og tengja saman stuðla í þessum líkönum þannig að þeir verði að fylgjast að. Sá möguleiki er mikilvægur þegar verið er að kvarða líkön sem einnig á að vera hægt að nota fyrir vatnasvið þar sem engin gögn eru til um afrennsli. Í inntaksskrám PEST er hverju mældu gildu gefin vigt, frávik mælda gildisins frá því reiknaða er metin og vegin. PEST reynir svo að lágmarka “markmiðsfallið” (objective function) sem er summa veginna frávika hafin í annað veldi.

Mældu gildunum má skipta niður í flokka og birtir PEST þá upplýsingar um hversu stóran hluta í niðurstöðu markmiðsfallsins hver flokkur á. Ef einhver flokkurinn, A, á mun minni hluta í markmiðsfallinu en annar, B, má búast við því að PEST einbeiti sér að því að lækka frávik frá mældum gildum í flokk B e.t.v. á kostnað flokks A. Þetta þarf að hafa í huga þegar mældu gildunum er gefin vigt og yfirleitt er best að hver flokkur fyrir sig eigi svipaðan þátt í gildi markmiðsfallsins.

PEST notar Gauss-Marquardt-Levenberg lausnarleiðina til að leita bestu lausnar, þ.e. lægsta gildi á markmiðsfallinu. PEST er mjög sveigjanlegt, hægt er að breyta mörgum stikum til að aðlaga það að viðkomandi verkefni. Hingað til hefur þó oftast verið notuð þau gildi sem ráðlögð eru í handbók PEST.

Með PEST er notaður sérstakur hugbúnaður fyrir vatnafræðilíkön (TSPROC) við að útbúa inntaksskrár fyrir PEST og til að meta hversu vel niðurstöður hverrar keyrslu passa við mæld gögn. Með þessum TSPROC hugbúnaði má reikna ýmsar afleiddar stærðir af upprunalegri mældri rennslisröð, t.d. má leggja saman rennslí ákveðinna tímabili, bæði í mældri og reiknaðri röð og bera saman, einnig má reikna langæislinu mældra og reiknaðra gagna og bera þær saman. Þessir möguleikar eru notaðir við afrennsliskortið. Þar er PEST látið bera saman mæld og reiknuð dagsgildi, mánaðargildi og vatnsársgildi með það að markmiði að ekki einungis dagsrennslí líkansins sé sem réttast heldur einnig vatnsjöfnuðurinn fyrir lengri tímabilin.

Þar sem oft er um þó nokkra stuðla að ræða sem PEST reynir að finna bestu gildin á, þá þarf að keyra WaSiM líkanið mjög oft. Hver keyrsla WaSiM tekur oft um 2-3 mínútur á PC tölvu fyrir hvert vatnsár og eitt vatnasvið. Það tekur því eina tölvu 7-10 daga að keyra WaSiM fyrir eitt vatnasvið, 5 vatnsár, 1000 sinnum. Þar sem það er langur tími til að bíða er notuð svokölluð “parallel” útgáfa af PEST. Í Parallel-PEST er ein tölva skilgreind sem “höfuðpaur” en aðrar tölvur skilgreindar sem þrælur (slaves). Höfuðpaurinn sendir til þrællanna ákveðnar inntaksskrár, þrælarnir keyra líkanið og senda til baka niðurstöðurnar. Höfuðpaurinn les og metur úttaksskrárnar frá þrælunum og ákveður hvað hver þræll á keyra næst eða hvort PEST hafi lokið verkefninu.

Þegar PEST telur að það hafi fundið besta sett stuðla, þ.e. þá stuðla sem gefa lægst gildi fyrir markmiðsfallið þá hættir það. Þessa bestu stuðla má þá nota til að keyra WaSiM líkanið fyrir hvaða tímabil sem er og bera saman mæld og reiknuð gögn ásamt því að skoða hvað líkanið telur að hafi verið að gerast á vatnasviðinu. Það má skoða tímaraðir vatnsjöfnuðar, snjóöfnunar og ýmissa veðurþátta í forriti sem skrifað var á Vatnamælingum í Matlab. Einnig má nota ArcMap til að skoða dreifingu snævar, uppgufunar og ýmissa vatna- og veðurfræðiþátta á vatnasviðinu. Lítið forrit var skrifað á Vatnamælingum til þess að einfalda skoðun líkangagnanna í ArcMap.

Líkankeyrsla

WaSiM líkanið hefur nú verið stillt af með aðstoð PEST fyrir þrjú vatnasvið, Vatnsdalsá í Húnavatnssýslu, vhm 45, Norðurá í Borgarfirði, vhm 128 og Hvítá í Borgarfirði, vhm 66. Líkanið var stillt af með gögnum frá vatnsárunum 1995-1999 og vatnsárin 1990-1994 og 2000-2001 notuð til samanburðar.

Inntaksskrár WaSiM líkananna eru eftirfarandi, leiðbeiningar um hvernig skal útbúa þær eru í viðauka (A):

keyrsla2.txt er stjórnskrá WaSiM líkansins (sjá viðauka B)

dampf.dat (raki)

kglob.dat (inngeislun)

regen.dat (úrkoma)

tempe.dat (hiti)

wind.dat (vindur)

spende.dat (mælt rennslí)

} Ascii skrár, á forminu YYYY MM DD Stod1 Stod2 ...

n1.dhm (hæðarlíkan)	}	Ascii skrár með línnum og dálkum af gildum sem samsvara neti með 1 x 1 km möskvastærð.
n1.use (gróðurkort)		
n1.art (jarðvegskort)		
n1.ezg (skipting í svæði fyrir jarðvegslíkan)		
n1.ezs (skipting í hlutvatnasvið)	}	Ascii skrár sem leiddar eru af n1.dhm hæðarlíkaninu með forritinu tanalys og samsvarandi stjórnskrá tanalys.txt (viðauki C)
n1.dep (kort, dýpi farvega)		
n1.wit (kort, breidd farvega)		
n1.slp (kort, halli lands)		
n1.fzt (kort, afrennslistími)		
n1.exp (kort, hvert landið hallar)		

Auk þessarra skrá eru nokkrar skrá sem tengjast PEST og Parallel-PEST forritunum: pestkeyrsla2.pst er stjórnskrá PEST (Viðauki D)
 observation2.ins inniheldur upplýsingar um hvar í úttaksskránum reiknað rennsli er.
 keyrsla2.tpl er eins skrá og keyrsla2.txt nema stuðlar sem breyta má eru merktir.
 dates.dat listi yfir mánaðartímabil sem TSPROC á að reikna heildarrennsli fyrir.
 dates2.dat listi yfir vatnsár sem TSPROC á að reikna heildarrennsli fyrir.
 tsproc_pst.in stjórnskrá TSPROC þegar búa á til pestkeyrsla2.pst skrána. (Viðauki E)
 tsproc_mod.in stjórnskrá TSPROC sem alltaf þarf að keyra á eftir WaSiM.
 tsproc_compare.in stjórnskrá TSPROC til að meta lokaniðurstöðu líkansins.
 WaSiMpest.bat keyrsluskrá til keyrslu á hverjum þræl (slave). (Viðauki F)
 gridasci_map.bat keyrsluskrá sem breytir Ascii skrám í ArcInfo net.
 WaSiM2tsproc.bat breytir rennslisskrá WaSiM líkansins í skrá sem TSPROC skilur.

Forritin sem notuð eru (DOS forrit). Á næstu vikum verða þessi forrit þýdd fyrir Linux.
 WaSiMvcz.exe er WaSiM pest líkanið
 pest.exe er PEST hugbúnaðurinn
 ppest.exe er parallel útgáfa PEST
 pslave.exe er forritið sem keyra þarf á hverjum PEST-þræl, til að tengjast ppest
 gawk.exe er DOS útgáfa af awk forritinu sem breytir og bætir textaskrár.
 grep.exe getur einnig lagað til textaskrár, t.d. notað til að fiska út réttar línur.
 tsproc hjálparforrit til að útbúa inntaksskrár í PEST og reikna ýmislegt.
 asciigrid breytir Ascii skrá í ArcInfo skrá (grid).
 gridascii breytir ArcInfo skrá (grid) í Ascii skrá.


Niðurstöður

Fyrstu niðurstöður líkankeyrslna fyrir vatnasvið Vatnsdalsár í Húnavatnssýslu, Norðurár og Hvítár í Borgarfirði eru komnar og í töflum 1-8 eru niðurstöður líkankeyrslanna bornar saman við mældar rennslisráðir. Í töflum 1, 3, 5 og 6 er samanburður á vatnsársgrunni, bæði fyrir meðalrennsli vatnsáranna og einnig Nash-Sutcliffe stuðularnir R2 og R2log fyrir dagsrennsli, vatnsárin sem líkanið var kvarðað inn á eru feitletruð. Í töflum 2, 4 og 7 eru niðurstöður líkanaanna bornar saman við mælt rennsli á dagsgrunni, mánaðargrunni og vatnsársgrunni. Athugið að einingar mánaðarrennslis og vatnsársrennslis eru ekki birtar í töflunni þar sem um er að ræða summu meðaldagsrennsli hvers mánaðar og vatnsárs. Þar sem göt eru í rennslisröðinni er viðkomandi gildi sleppt í summunni, ekki

brúað. Á myndum 1, 2 og 3 er sýnt reiknað meðalafrennsli hvers vatnasviðs. Í töflu 8 eru svo ýmsir samanburðarstuðlar fyrir líkönin. Í viðauka G er mælt rennsli borið saman við reiknað tvö vatnsár, ein mynd fyrir hvern vatnshæðarmæli.

Tafla 1. Samanburður líkans og reiknaðs rennslis á vatnsársgrunni fyrir vhm 45 í Vatnsdalsá.

Vatnsár	Qm [m ³ /s]	Qr [m ³ /s]	Mism (%)	R2	R2log
1990/91	12,5	11,0	-12,2	0,66	0,67
1991/92	12,6	14,2	12,4	0,81	0,64
1992/93	14,1	19,2	36,2	0,08	0,47
1993/94	11,7	11,4	-2,6	0,56	0,57
1994/95	20,8	27,1	30,7	0,75	0,88
1995/96	8,93	11,2	25,0	0,48	0,22
1996/97	13,3	12,0	-9,5	0,48	0,71
1997/98	9,26	9,44	1,9	0,10	0,35
1998/99	10,9	11,2	3,1	0,90	0,80
1999/00	12,4	10,8	-12,5	0,60	0,81
2000/01	9,21	6,11	-33,6	0,06	0,17
2001/02	10,9	9,84	-10,0	0,59	0,69
Meðaltal	11,6	11,8	2,1	0,56	0,62




Mynd 1. Reiknað meðalafrennsli á vatnasviði Vatnsdalsár, vhm 45, vatnsárin 1990-2001.

Tafla 2. Samanburður líkans og reiknaðs rennslis fyrir vhm 45, á kvörðunartímabilinu. Einingar fyrir mánaðarrennslis og vatnsársrennslis eru “skrýtnar” þar sem um er að ræða summu meðaltalsdagsrennslis fyrir mánuði annars vegar og ár hins vegar.

	Meðaldagsrennslis, mælt [m ³ /s]	Meðaldagsrennslis, reiknað [m ³ /s]	Mánaðarrennslis, mælt	Mánaðarrennslis, reiknað	Vatnsársrennslis, mælt	Vatnsársrennslis, reiknað
Hámark	99,73	96,96	1061	962	4120	4216
Lágmark	0,95	5,80	155	176	3411	3417
Meðaltal	10,78	10,85	316	324	3794	3892
Staðalfrávik	10,30	8,46	194	167	287	336

Tafla 3. Samanburður líkans og reiknaðs rennslis á vatnsársgrunni fyrir vhm 128 í Norðurá.

Vatnsár	Qm [m ³ /s]	Qr [m ³ /s]	Mism (%)	R2	R2log
1993/94	23,0	27,3	18,5	0,40	0,51
1994/95	27,2	32,1	18,3	-0,30	0,54
1995/96	23,0	24,4	6,2	0,56	0,59
1996/97	27,3	26,5	-2,9	0,21	0,61
1997/98	21,3	22,7	6,8	0,50	0,65
1998/99	26,4	24,2	-8,4	0,58	0,76
1999/00	34,9	36,9	5,9	0,48	0,71
2000/01	16,0	16,1	0,9	0,76	0,52
2001/02	28,1	26,8	-4,8	0,38	0,59
meðaltal	25,2	26,3	4,5	0,40	0,61



Mynd 2. Reiknað meðalafrennslis á vatnasviði Norðurár, vhm 128, vatnsárin 1990-2001.

Tafla 4. Samanburður líkans og reiknaðs rennslis fyrir vhm 128, á kvörðunartímabilinu. Einingar fyrir mánaðarrennslis og vatnsársrennslis eru “skrýtnar” þar sem um er að ræða summu meðaltalsdagsrennslis fyrir mánuði annars vegar og ár hins vegar.

	Meðaldagsrennslis, mælt [m ³ /s]	Meðaldagsrennslis, reiknað [m ³ /s]	Mánaðarrennslis, mælt	Mánaðarrennslis, reiknað	Vatnsársrennslis, mælt	Vatnsársrennslis, reiknað
Hámark	327,2	288,6	1913	3176	11495	11409
Lágmark	2,1	4,7	92	192	7820	7525
Meðaltal	26,7	26,9	726	725	8707	8699
Staðalfrávik	31,1	30,8	433	485	1565	1545

Erfiðara reyndist að kvarða líkanið fyrir vhm 66 heldur en líköning fyrir vhm 128 og vhm 45. Þar ráða miklu stórir þættir jökuls og grunnvatns á vatnasviði Hvítár. Vegna jökullíkansþáttar WaSiM bættust 6 stuðlar við sem kvarða þurfti og margfaldaðist því sá tími sem fór í líkankeyrslur. Ekki eru til upplýsingar um berglekt á þessu svæði og því var ekki hægt að keyra grunnvatnslíkanið fyrir vatnasviðið. Nokkuð góð niðurstaða fékkst fyrir kvarðaða tímabilið sbr. töflu 5. Ef líkanið er keyrt með sömu stuðlum fyrir allt tímabilið fæst hins vegar slök fylgni mælds og reiknaðs rennslis, bæði á ókvarðaða og kvarðaða tímabilinu (tafla 6). E.t.v. þarf að kvarða frekar fyrsta hluta tímabilsins frekar en tímabil sem er í miðju mælda tímabilsins, til að fá upphafsskilyrði rétt. Annar möguleiki er sá að lengra tímabil þurfi til kvörðunar svo að réttari líkanstuðlar séu valdir. Þriðji möguleikinn er sá að jökulþáttur WaSiM henti ekki til líkangerðar af jöklinum, nái ekki að líkja eftir breytileika hans frá ári til árs eða að sérstaklega þurfi að huga að grunnvatnslíkani fyrir svæðið. Fyrri möguleikarnir tveir verða kannaðir á næstunni.

Tafla 5. Samanburður líkans og reiknaðs rennslis á vatnsársgrunni fyrir vhm 66 í Hvítá aðeins keyrt fyrir kvarðaða tímabilið.


Vatnsár	Qm [m ³ /s]	Qr [m ³ /s]	Mism (%)	R2	R2log
1995/96	80,4	80,7	0,3%	0,63	0,56
1996/97	87,1	86,8	-0,3%	0,56	0,58
1997/98	87,2	83,6	-4,2%	0,45	0,46
1998/99	76,3	76,8	0,7%	0,16	0,18
1999/00	89,7	91,4	1,8%	0,66	0,63
Meðaltal	84,0	83,8	-0,3%	0,57	0,55

Tafla 6. Samanburður líkans og reiknaðs rennslis á vatnsársgrunni fyrir vhm 66 í Hvítá, aðeins keyrt fyrir vatnsárin 1990-2001.

Vatnsár	Qm [m ³ /s]	Qr [m ³ /s]	Mism (%)	R2	R2log
1990/91	88,3	94,1	6,5%	-0,34	0,12
1991/92	100,0	120,0	19,9%	-2,48	-0,44
1992/93	84,9	107,0	26,1%	-3,09	-1,25
1993/94	79,3	96,1	21,2%	-2,47	-0,78
1994/95	77,1	89,8	16,5%	-1,35	-0,40
1995/96	80,4	86,2	7,2%	0,40	0,34
1996/97	87,1	82,7	-5,0%	0,50	0,49
1997/98	87,2	79,0	-9,4%	0,34	0,24
1998/99	76,3	74,1	-2,9%	0,12	0,07
1999/00	89,7	89,0	-0,7%	0,66	0,60
2000/01	80,5	62,5	-22,4%	-0,44	-1,48
2001/02	87,9	82,6	-6,0%	0,37	0,22
meðaltal	84,9	89,5	5,4%	-0,53	-0,01

Tafla 7. Samanburður líkans og reiknaðs rennslis fyrir vhm 66, á kvörðunartímabilinu. Einingar fyrir mánaðarrennslis og vatnsársrennslis eru “skrýtnar” þar sem um er að ræða summu meðaltalsdagsrennslis fyrir mánuði annars vegar og ár hins vegar.

	Meðaldagsrennslis, mælt [m ³ /s]	Meðaldagsrennslis, reiknað [m ³ /s]	Mánaðarrennslis, reiknað	Mánaðarrennslis, reiknað	Vatnsársrennslis, mælt	Vatnsársrennslis, reiknað
Hámark	294	333	3565	3552	32252	32763
Lágmark	60	57	1933	1923	27864	28168
Meðaltal	84	84	2554	2551	30645	30617
Staðalfrávik	22	23	390	357	1933	1785



Mynd 3. Reiknað meðalafrennslis á vatnasviði Hvítár, vhm 66, vatnsárin 1995-1999.

Tafla 8. Samanburðarstuðlar fyrir kvarðaða tímabilið, vatnsárin 1995-1999.

	Vhm 45			Vhm 128			Vhm 66		
	Dagsrennslis	Mánaðarrennslis	Vatnsársrennslis	Dagsrennslis	Mánaðarrennslis	Vatnsársrennslis	Dagsrennslis	Mánaðarrennslis	Vatnsársrennslis
Fjöldi mældra gilda	1426	60	5	1413	60	5	1672	60	5
Bias	7,2E-02	8,2	98	0,21	-0,72	-9	-0,23	-2,32	-28
Standard error	6,8	108	480	22	323	339	14	175	552
Relative bias	6,7E-03	2,6E-02	2,6E-02	7,9E-03	-9,9E-04	-9,9E-04	-2,7E-03	-9,1E-04	-9,1E-04
Relative standard error	0,66	0,55	1,67	0,72	0,75	0,22	0,65	0,45	0,29
Nash-Sutcliffe R2	0,57	0,69	-1,79	0,49	0,44	0,95	0,57	0,80	0,92
Coefficient of efficiency	0,48	0,56	-0,57	0,43	0,40	0,77	0,33	0,57	0,75
Index of agreement	0,71	0,75	0,26	0,71	0,69	0,88	0,68	0,77	0,87

Í þessum þremur líkönum hafa líkanstuðlarnir í töflu 9 verið valdir af PEST. Skýringar á hvaða stuðlar þetta eru má finna í WaSiM stjórnskránni í viðauka B og í handbók um WaSiM líkanið (Schulla og Jasper 2001). Athygli skal þó vakin á að pcorr stuðullinn lýsir því hvort og hversu mikið úrkoma er leiðrétt í líkaninu. Þar sem stuðlarnir eru allir mjög

nálægt einum má sjá að ekki hefur þurft að leiðrétta úrkomuna úr MM5 líkaninu nema að mjög litlu leyti til að fá vatnsjöfnuðinn réttan á kvörðunartímabilinu.

Tafla 9. Líkanstuðlarnir í WaSiM líkaninu sem stilltir voru af með aðstoð PEST.

Lýsing á stuðli	Stuðull	vhm 45	vhm 128	vhm 66
Precipitation correction	pcorr	0,99	0,94	0,94
Transient zone for rain-snow (°C)	Tran	0,63	4,96	5,95
Temperature limit for rain (°C)	Tor	-1,54	-0,50	1,13
Temperature limit snow melt (°C)	To	-1,19	0,33	-4,00
Degree-day-factor without wind consideration mm/(d*°C)	C1	0,26	0,10	0,08
Degree-day-factor considering wind mm/(d*°C*m/s)	C2	0,61	0,76	0,41
Recession parameters QD	Qd	47,5	8,6	14,0
Recession parameters QI	Qi	33,1	21,8	200
Flow density, for Interflow, channels per km	Fd	0,31	6,27	0,34
Recession parameters k for Base discharge	Rb	2,93	0,34	3,39
Correction of transmissivities Q0 for Baseflow	q0	2,07	0,91	5,06
Fraction of snow melt, which is direct flow	Fsm	5,2E-03	2,7E-03	4,6E-04
t-index factor for ice	Tice			1,09
t-index factor for snow	Tsno			1,65
els-konstante for ice	Eice			0,66
els-konstante for firm	Efir			1399
els-konstante for snow	esno			250
Initial reservoir content for ice, firm and snow discharge	inres			3,20

Nokkur meðaltöl fyrir vatnasviðin hafa verið dregin út úr niðurstöðunum. Þau má finna í töflu 10 og bera saman við gildi í öðrum skýrslum og bókum. Markús Á. Einarsson (1972) reiknaði gnóttargufun með aðferð Penman. Niðurstöður hans virðast nokkuð hærri en skv. WaSiM líkaninu. Niðurstöður WaSiM líkansins eru í góðu samræmi við afrennsliskort Hauks Tómassonar (1981) fyrir vatnasvið Norðurár og Vatnsdalsár, hins vegar er reiknað meðalafrennsli Hvítár mun hærra skv. WaSiM en afrennsliskorti Hauks, munar þar mestu að skv. afrennsliskorti Hauks eru stór svæði í kringum Langjökul sögð afrennslislaus en skv. nýja líkaninu eru aðeins jöklarnir afrennslislausir/litlir. Möguleiki er að ef gögn um berglekt væru tiltæk og hægt að gera betra líkan af grunnvatninu þá liti afrennsliskortið öðru vísi út.

Tafla 9. Nokkur meðaltöl vatna- og veðurþátta, skv. inntaksgögnum og niðurstöðum WaSiM.

Vatna- eða veðurþáttur	vhm 45	vhm 128	vhm 66
Vindur (m/s)	7,32	6,63	8,03
Gnóttargufun (mm)	0,86	0,69	0,47
Uppgufun (mm)	0,66	0,48	0,39
Hiti (°C)	-0,12	1,39	-0,31
Úrkoma (mm)	2,83	4,88	4,50
Yfirborðsrennsli (mm)	0,64	1,45	0,64
Sigvatnsstreymi (mm)	0,09	2,50	0,30
Grunnrennsli (mm)	1,25	0,23	1,70
Jökulbráðnun (mm)			0,13
Meðalafrennsli (l/s/km ²)	22,9	48,4	32
Meðalafrennsli (l/s/km ²) skv. afrennsliskorti Hauks (1981)	25,0	50,0	20,6

Lokaorð

Sýnt þykir að WaSiM-PEST tengingin hafi burði til að líkja eftir vatnafari landsins. Ef líkja á eftir vatnafari á svæðum þar sem afrennsli er að stórum hluta grunnvatn þarf þó væntanlega að virkja grunnvatnshluta líkansins og nota upplýsingar um berglekt. Úrkomu MM5 líkansins virðist skila mjög áreiðanlegu úrkomumagni. Ekki reyndist nauðsynlegt að skala úrkomuna til nema um örfá prósent til að fá vatnsjöfnuð góðan.

Erfiðara reyndist að kvarða líkan af Hvítá í Borgarfirði heldur en dragánnum Norðurá og Vatnsdalsá. Veldur þar nokkru að um flóknara vatnasvið er að ræða. Jökulþáttur árinna er nokkur en afrennsli jökulsins kemur að miklu leyti fram sem grunnvatn. PEST reyndist einnig erfitt að kvarða líkanið fyrir Hvítá þar sem nota þarf jöklareikninga og þar með fleiri líkanstuðla. Kannað verður á næstunni hvort lengra kvörðunartímabil bætir niðurstöðurnar og hvort máli skipti að kvarða á fyrsta tímabili mældra gagna frekar en tímabili í miðju þess. Ekki verður eytt miklum tíma í jöklareikninga líkansins WaSiM ef þeir ganga ekki upp, heldur verður rætt við jöklahóp verkefnisins Veður og orka um hvernig sé best að tengja þeirra líkanreikninga inn í líkanið af afrennsli landsins.

Ekki tókst að keyra WaSiM-PEST líkanið fyrir jafn mörg vatnasvið eins og áætlað var. Meðal annars veldur því skortur á tölvuafli. Snjólfur, Linux klasatölva Reiknistofu í Veðurfræði komst ekki í gang fyrir en um áramótin 2004-2005 og eldri klasatölva, Sleggjan, hefur verið í ólagi. Því hefur verið notast við nokkrar samtengdar PC tölvur sem jafnast engan veginn á við Linux-klasann. Hingað til hefur hvert vatnasvið verið keyrt sérstaklega og stuðlar ákvarðaðir óháð stuðlum nálægs vatnasviðs. Þegar reikniaflið eykst með notkun Linux-klasans, verður mögulegt að kvarða saman nokkur vatnasvið og tengja stuðla vatnasviðanna saman. Slíkt mun gera líkangerð af vatnasviðum þar sem rennslisgögn skortir áreiðanlegri.

Á næsta ári er þess vænst að verkið gangi vel. Gögn frá MM5 líkaninu verða aðgengilegri með nýju notendaviðmóti sem verið er að forrita á Reiknistofu í veðurfræði. Mikill tími hefur farið í að kynna sér líkönin, bæði WaSiM og PEST og að smíða smærri og stærri hjálparforrit. Nú liggur fyrir að þýða nauðsynleg forrit fyrir Linux og áfram verður unnið að því að gera keyrslu líkansins notendavænni. Líkanið verður keyrt fyrir fleiri vatnasvið og líkanstuðlar samræmdir fyrir áþekk landsvæði. Áætlað er að í lok árs 2005 verði komin frumgerð að nýju afrennsliskorti fyrir allt landið.

Heimildaskrá

Doherty, John. 2003. *PEST Surface Water Utilities*. Watermark Numerical Computing and University of Idaho Slóð: <http://www.sspa.com/PEST/download/swutils.pdf>.

Doherty, John. 2004. *PEST Model-independent parameter estimation – User manual: 5th edition*. Watermark Numerical Computing. Slóð: <http://www.sspa.com/PEST/download>.

Haukur Tómasson. 1981. *Vatnsafl Íslands, mat á stærð orkulindar*. Erindi flutt á Orkuþingi 1981.

Helga P. Finnsdóttir, Þórarinn Jóhannsson, Jóna Finndís Jónsdóttir. 2004. Tölvutaka berg- og sprungulektarkorta. GRG HPF/THJ/JFJ-2004/01.

Icelandic Meteorological Office, National Land Survey of Iceland, Science Institute, University of Iceland, and National Energy Authority, 2004, *A 500x500 m DTM of Iceland*.

Jón Guðmundsson (2004). Óbirt gögn um jarðvegsraka.

Jóna Finndís Jónsdóttir og Jón Sigurður Þórarinnsson. 2004. Comparison of HBV models, driven with weather station data and with MM5 meteorological model data. Orkustofnun, OS-2004/17, ISBN 9979-68-147-0.

Markús Á. Einarsson. 1972. *Evaporation and potential evapotranspiration in Iceland*. Veðurstofa Íslands. Reykjavík.

Ólafur Rögnvaldsson, Philippe Crochet og Haraldur Ólafsson. 2004. Mapping of precipitation in Iceland using numerical simulations and statistical modeling, *Meteorologische Zeitschrift*, 13(3)(Jun 2004), 209-219,

Ólafur Rögnvaldsson og Haraldur Ólafsson. 2004. *Simulations of precipitation in the complex terrain of Iceland and comparison with glaciological observations*, Fyrirlestur á ráðstefnunni the International Conference on Mesoscale Meteorology and Climate Interactions, Reykjavík, 24.-28. maí 2004.

Sägesser, Michael. 2004. *Development and Application of a Hydrological Model for River Aare until Hagneck using WaSiM-ETH coupled with PEST*. Institute of Geography, University of Berne.

Schulla, Jörg and Jasper, Karsten. 2001. *Model description WaSiM-ETH*. Slóð: <http://www.iac.ethz.ch/staff/verbunt/Down/WaSiM.pdf>.

Viðauki A

Leiðbeiningar við undirbúning gagna fyrir WaSiM líkanið

Annars vegar eru dregnar út tímaraðir úr MM5 líkaninu á Sleggjunni með IDL hugbúnaði og skránum skellt saman með Unix skipunum
Hins vegar eru dregnar út þekjur í Landfræðilegu upplýsingakerfi, ArcView

1. Finna MM5 punktana sem þekja vatnasviðið.

Vatnasviðsþekja í Ísnet93 fundin og opnuð í ArcView ásamt þekjunni
/vmgis/vm/jfj/WaSiM/mm5_punktar.shp

Með "i" takkanum (information) finna mm5 hnit hornpunktanna, X-value og Y-value Þessi hnit eru sett inn í IDL skrárnar.

2. Inni á Sleggjunni eru forrit keyrð til að ná í tímaraðir.

Á strokk í Unix: xgluggi sleggjan

Nota forritin sem geymd eru á /jfj/mm5/WaSiM/forrit afrita þau í nýtt skráarsafn og breyta xmin, xmax, ymin, ymax skv. hnitunum sem fengust í ArcView (1 hluti leiðbeininganna) (Ath draga 1 frá öllum hnitum!).

Ritillinn jed virkar á sleggjunni (hann er svipaður emacs).

Fara í IDL (skrifa idl til að komast þangað) Svo verður fyrst keyra run3.pro og klára að fara í gegnum þetta skref og skref 3

svo seinna verður að fara aftur í gegnum þetta með run_wind.pro

a) IDL>run3.pro

b) IDL>run_wind.pro

Þetta tekst nú kannski ekki í fyrstu tilraun en þá er bara að reyna aftur...

Ef forritinu tekst að klára nokkur ár en ekki öll þá má eyða þeim árum sem tókust út úr run*.pro skránni til að vera ekki alltaf að endurtaka.

Þegar þetta tekst, nota zip til að þjappa skránum

ftp geysir.os.is

Flytja skrána yfir á Unix tölvur OS:

```
cd /os/xxx/mm5/WaSiM/vhmxxx
```

```
put vhmxxx.zip
```

```
quit
```

3. Í Unix glugga

```
unzip vhmxxx.zip og /os/jfj/verk/WaSiM/bin/xforrit.zip
```

Búa til haus.txt skrá, lat og long gildi fyrir hvern "punkt" má finna í

```
/vmgis/vm/jfj/WaSiM/mm5.xls
```

Laga til cat1, cut1, wcat1 og wcut1 skrárnar svo að punktalistinn verði réttur.

Fyrir alla aðra parametra en vind, notaðu >sh keyra_5var.txt skipanir

Fyrir vindinn notaðu >sh keyra_wind.txt

Þá ættu að vera komin öll tímaráða fyrir WaSiM forritið fyrir utan rennslisgögnin úr vatnshæðarmælinum.

Svo þarf að afrita þessar skrár inn í /pest/vhmxxx/ skráarsafnið ásamt platgögnunum um relative sunshine duration

sem finna má á /os/jfj/verk/WaSiM/sonnep.rel

4. Undirbúa inntaksgögn í ArcView

Opna ArcView og finna vatnasviðið sem um ræðir. Bæta inn í skjalið öllum þremur gridunum sem eru á /vmgis/vm/jfj/WaSiM. Ath nota þarf spatial analyst extension til að vinna með grid.

Bæta líka inn í skjalið skránni /vmgis/vm/jfj/WaSiM/vmstadir20030225 til að sjá hvar vatnshæðarmælirinn er.

Settu workspace sem c:/WaSiM/vhmxxx/tanalys

Búðu til nýtt polygon theme kassi.shp sem nær svolítið út fyrir vatnasviðið (ekki mjög mikið samt).

Setja analysis extent jafnt kassi en laga hnitin til svo þau séu deilanleg með 1000 (1000 metra reitir).

Farðu í Analysis -> Map calculator og segið = isdem1k (þá fáið þið svipað stórt grid eins og kassinn er.

Fara í Theme -> save dataset og vistið á c:\pest\vhmxxx\tanalys\dem1k

Gerið eins við grodur1k og soils1k

Exportið þessum þremur gridum í ASCII skrár: File -> Export Data SOurce -> Ascii Raster

DEM (hæðar) gridið sem n1.dhm

Soils gridið sem n1.art

Grodur gridið sem n1.use

Vistið þær allar í c:\pest\vhmxxx og kópíerið n1.dhm yfir til c:\pest\vhmxxx\tanalys\

Brennið vatnaskilin inn í hæðarþekjuna en skiljið eftir op þar sem vatnshæðarmælirinn er.

Þetta er gert með því að breyta vatnaskilunum í línuþekju (með forritinu

shape_convert.txt í ArcView) (forritið er táknað með "C" í toolbar í

\vmgis\vm\jfj\WaSiM\WaSiM.apr),

með smá opi þar sem vhm er.

Breyta því svo í grid, margfalda það með t.d. 500 (metrum) og leggja það við upphaflega gridið og nota svo CRWR-Raster (extension) -> Merge Grids til að setja

upphaflega hæðargridið og upphækkunina saman í eitt grid. Svo þarf að exporta brennda hæðarlíkaninu í \tanalys skráarsafnið sem bdem1k.

Nota þarf \vmgis\vm\jfj\WaSiM\vmstadir20041120.shp þekjuna til að finna vhm og aðra subbasin punkta sem nota á sem Pourpoint (safnpunkta).

Þeir eru vistaðir sem grid (out) og exportað í out.asc í tanalys skráarsafninu.

Í Dos glugga þarf að breyta dem hæðargridinu í "grid" með ascigríð
 cd c:\pest\vhmxxx\tanals\
 ascigríð bdem1.asc n1.dhm
 ascigríð out.asc n1.out

Laga tanals.txt skrána að viðkomandi vatnasviði og keyra tanals forritið í Dos glugganum og skoða útkomuna í ArcView:

tanals tanals.txt

gridasci n500.e03 e03.asc
 gridasci n500.e02 e02.asc
 gridasci n500.e01 e01.asc

Opna ArcView og importa e03 til e01 ef einhver þessara skráa inniheldur fláka sem passar við vatnasviðið sem um ræðir er allt í góðu lagi.

Svo þarf e.t.v. eitthvað að laga til (reclassify) til að fá út eitt gríð með akkúrat vatnasviðinu/sviðunum sem ætlast var til.

Það er svo exportað sem c:\WaSiM\vhmxxx\tanals\n1.ezg

Svo er keyrð bat skráin gridasci.bat (til að breyta réttum skráum yfir á ascí format). Skrárnar sem þarf að breyta yfir á ascí eru : n1k.dep, .wit, .slp, .fzt, .exp

Svo eru allar nýju skrárnar (nema n1.dhm) afritaðar yfir á c:\WaSiM\vhmxxx\input

Svo eru búin til skráarsöfnin c:\WaSiM\vhmxxx\control og c:\WaSiM\vhmxxx\output og skráin keyrsla1.txt sett í það fyrnefnda og aðlöguð að vatnasviðinu (settar inn réttar input/output slóðir + stærð vatnasviðs + hnit miðpunktur vatnasviðs.

!!! Ath miðja vatnasviðsins má ekki vera norðar en 64°N því annars krassar forritið (þetta hefur e-ð með radiation reikninga að gera :-)

Svo er WaSiM forritið keyrt í Dos glugganum undir c:\WaSiM\WaSiMvz\vhmxxx\control\keyrsla1.txt

5. Búa til spende.dat (dagsgildi rennslis)

í Unix:

alruna xxx 1990 2003 L | awk '{print \$2, \$3, \$4, \$7, \$8}' | iso2win >vhmxxx.dat

Í Excel:

Bæta inn dálki með "12" fyrir klukkustund og Header.

Eyða öllum ístruflunum og áætlunum út (þar sem athugsemd er 1 eða 2 í fjórða dálk)

Breyta rennslinu úr m³/s yfir í mm/dag (með því að deila með stærð vatnasviðsins í km² og margfalda með 86,4)
Ath ef "nodata" gildi, þ.e. -999 þá á að breyta því í -9999

6. Búa til pspende.dat (dagsgildi með réttu formatti fyrir PEST-TSPROC)

Í Unix:

```
alruna 128 1990 2003 L -1 -2 -3 | awk '{print $1, $4 "/" $3 "/" $2, "12:00:00", $8}'  
|iso2win >vhm128b.dat  
grep -v '999.00' vhm128b.dat > pspende.dat
```

Keyra svo WaSiM líkanið...

WaSiMvz vhmxxx\control\keyrsla1.txt

Jóna Finndís
Desember 2004.

Viðauki B

Keyrsla2.txt, stjórnskrá WaSiM líkansins fyrir vhm 45

```
#Watershed_area_km2 = 487
Sset $outpath =
Sset $inpath =

Sset $run = 2
Sset $year = 1990
Sset $endyear = 2003

#
# comment lines are indicated by an "#". They are allowed after the entries or at the beginning of the lines
#
# paragraphs of the control file:
#
# [output_interval]
# [coordinates] (geogr. coordinates)
# [elevation_model] (name of the elevation model)
# [zonengrid] (name of the zone grid)
# [standardgrids] (name of other static grids like slope angle, slope aspect, topogr. factor)
# [variable_grids] (names of albedo and soil storage - used by more than one modules)
# [model_time] (start end end-dates of model time)
# [meteo_data_count] (number of meteo data to interpolate)
# [meteo_names] (names of meteo data to interpolate - each name is later the headline of a paragraph for interpolation)
# [precipitation_correction] (paragraph for parameters of the prec.-correction)
# [radiation_correction] (paragraph with parameters for radiation correction)
# [evapotranspiration] (paragraph with parameters for evapotranspiration)
# [snow_model] (paragraph with parameters for the snow model)
# [interzeption_model] (paragraph with parameters for the interzeption modell)
# [infiltration_model] (paragraph with parameters for the infiltration modell)
# [soil_model] (paragraph with parameters for the soilmodel)
# [unsatzone_model] (paragraph with parameters for the unsaturated zone model)
# [routing_model] (paragraph with Parametern for discharge routing)
# [landuse_table] (paragraph with land use (vegetation) parameters)
# [soil_table] (paragraph with soil properties)
#
#
# symbol definitions begin with the set command:
# max. 200 symbols can be defined

Sset $time = 1440

Sset $grid = n1
Sset $stack = n1
Sset $suffix = grd
Sset $code = s

# variables for standardgrids
# first section: grids, which differ for different subdivisions of the basin
Sset $zone_grid = //$grid//.ezg
#$set $subcatchments = //$grid//.ezs
Sset $subcatchments = //$grid//.ezg
Sset $flow_time_grid = //$grid//.fzt
Sset $river_links_grid = //$grid//.lnk

#second section: grids, which doesn't depend on subdivision (only pixel-values are of interest)
Sset $elevation_model = //$grid//.dhm
Sset $slope_grid = //$grid//.slp
Sset $aspect_grid = //$grid//.exp
Sset $land_use_grid = //$grid//.use
Sset $ice_firn_grid = //$grid//.ice
Sset $field_capacity_grid = //$grid//.nfk
Sset $ATBgrid = //$grid//.atb
Sset $hydr_cond_grid = //$grid//.k
```

```

Sset $soil_types      = //$grid//.art
Sset $sky_view_factor_grid = //$grid//.hor
Sset $drain_depth_grid = //$grid//.drn
Sset $drain_distance_grid = //$grid//.dis
Sset $irrigationcodes = //$grid//.irr
Sset $max_pond_grid  = //$grid//.pnd
Sset $clay_depth_grid = //$grid//.cly
Sset $river_depth_grid = //$grid//.dep
Sset $river_width_grid = //$grid//.wit
Sset $tracer_1       = //$grid//.c1
Sset $tracer_2       = //$grid//.c2
Sset $tracer_3       = //$grid//.c3
Sset $tracer_4       = //$grid//.c4
Sset $tracer_5       = //$grid//.c5
Sset $tracer_6       = //$grid//.c6
Sset $tracer_7       = //$grid//.c7
Sset $tracer_8       = //$grid//.c8
Sset $tracer_9       = //$grid//.c9
Sset $kolmationsgrid = //$grid//.kol
Sset $gw_kx_1_grid   = //$grid//.kx1
Sset $gw_kx_2_grid   = //$grid//.kx2
Sset $gw_kx_3_grid   = //$grid//.kx3
Sset $gw_ky_1_grid   = //$grid//.ky1
Sset $gw_ky_2_grid   = //$grid//.ky2
Sset $gw_ky_3_grid   = //$grid//.ky3
Sset $gw_bound_h_1_grid = //$grid//.bh1
Sset $gw_bound_h_2_grid = //$grid//.bh2
Sset $gw_bound_h_3_grid = //$grid//.bh3
Sset $gw_bound_q_1_grid = //$grid//.bq1
Sset $gw_bound_q_2_grid = //$grid//.bq2
Sset $gw_bound_q_3_grid = //$grid//.bq3
Sset $aquiferthick1   = //$grid//.aq1
Sset $aquiferthick2   = //$grid//.aq2
Sset $aquiferthick3   = //$grid//.aq3
Sset $gw_storage_coeff_1 = //$grid//.s01
Sset $gw_storage_coeff_2 = //$grid//.s02
Sset $gw_storage_coeff_3 = //$grid//.s03
Sset $gw_kolmation_1   = //$grid//.gk1
Sset $gw_kolmation_2   = //$grid//.gk2
Sset $gw_kolmation_3   = //$grid//.gk3

# grids for surface hydrology modules
Sset $albedo          = albe//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $soilstoragegrid = sb_//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $troughfall      = qi_//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $snowcover_outflow = qsno//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $melt_from_snowcover = qsme//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $days_snow      = sday//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $firm_melt       = qfir//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $ice_melt        = qice//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $preci_grid      = prec//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $irrig_grid      = irri//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $stempegrid      = temp//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $windgrid        = wind//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $sunshinegrid    = ssd_//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $radiationgrid   = rad_//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $humiditygrid    = humi//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $vaporgrid       = vapo//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $ETPgrid         = etp_//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $ETRgrid         = etr_//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $SSNOgrid        = ssno//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $SLIQgrid        = sliq//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $ssat_def_grid   = sd_//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $SUZgrid         = suz_//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $SIFgrid         = sif_//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $ELgrid          = ei_//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $SLgrid          = si_//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $ExpoCorrgrid    = exco//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $Tcorrgrid       = tcor//$grid//k//$run//.//$suffix
Sset $Shapegrid       = shap//$grid//k//$run//.//$suffix

```

```

Sset $INFEXgrid      = infx//$grid//k//$run//.$suffix
Sset $SATgrid       = satt//$grid//k//$run//.$suffix
Sset $Nagrid        = na_//$grid//k//$run//.$suffix
Sset $SSPgrid       = ssp_//$grid//k//$run//.$suffix
Sset $Peakgrid      = peak//$grid//k//$run//.$suffix
Sset $SBIagrid      = sbia//$grid//k//$run//.$suffix
Sset $fcia_grid     = nfki//$grid//k//$run//.$suffix

# now variables for unsaturated zone model
Sset $QDgrid        = qd_//$grid//k//$run//.$suffix
Sset $QIgrid        = qifi//$grid//k//$run//.$suffix
Sset $GWdepthgrid   = gwst//$grid//k//$run//.$suffix
Sset $GWthetagrid   = gwth//$grid//k//$run//.$suffix
Sset $GWNgrid       = gwn_//$grid//k//$run//.$suffix
Sset $GWLEVELgrid   = gwlv//$grid//k//$run//.$suffix
Sset $QDRAINgrid    = qdrm//$grid//k//$run//.$suffix
Sset $QBgrid        = qb_//$grid//k//$run//.$suffix
Sset $GWINgrid      = gwin//$grid//k//$run//.$suffix
Sset $GWEXgrid      = gwex//$grid//k//$run//.$suffix
Sset $act_pond_grid = pond//$grid//k//$run//.$suffix

# variables for groundwater modeling
Sset $flowx1grid    = gwx1//$grid//k//$run//.$suffix
Sset $flowx2grid    = gwx2//$grid//k//$run//.$suffix
Sset $flowx3grid    = gwx3//$grid//k//$run//.$suffix
Sset $flowy1grid    = gwy1//$grid//k//$run//.$suffix
Sset $flowy2grid    = gwy2//$grid//k//$run//.$suffix
Sset $flowy3grid    = gwy3//$grid//k//$run//.$suffix
Sset $head1grid     = gwh1//$grid//k//$run//.$suffix
Sset $head2grid     = gwh2//$grid//k//$run//.$suffix
Sset $head3grid     = gwh3//$grid//k//$run//.$suffix

# Ergebnis-stacks for Unsatzonmodel
Sset $Thetastack    = teth//$stack//k//$run//.$suffix
Sset $hydraulic_heads_stack = hhyd//$stack//k//$run//.$suffix
Sset $geodetic_altitude_stack = hgeo//$stack//k//$run//.$suffix
Sset $flowstack     = qu_//$stack//k//$run//.$suffix
Sset $constack      = conc//$stack//k//$run//.$suffix

# parameters for interpolation of meteorological input data
Sset $SzenUse       = 0
Sset $IDWmaxdist    = 20000
Sset $IDWweight     = 2
Sset $Anisoslope    = 0.0
Sset $Anisotropie   = 1.0
#$set $Anisoslope   = 35.0
#$set $Anisotropie  = 0.65

# explanation of writegrid and outputcode some lines below
Sset $Writegrid     = 3
Sset $Writegrid0    = 0
Sset $Writestack    = 3
Sset $outputcode    = 5001
Sset $output_meteo = 5001
Sset $day_sum       = 6024
Sset $day_mean      = 5024
Sset $hour_mean     = 5001
Sset $hour_mean0    = 1000
Sset $routing_code  = 6001

# readgrids : 1 = read storage grids (as SI, SSNOW,SLIQ,SD,SUZ..) from hard disk, 0=generate and initialize with 0
Sset $readgrids     = 0
Sset $readgrids0    = 0

#
# Wrigegrid : max. 3 digits (nnn)
#
# only if writegrid >= 100: 1. digit (1nn, or 2nn or 3nn)

```

```

# 0 = no minimum or maximum grid is written
# 1 = minimum grid is written (minimum value for each of the grid cells over the entire model period)
# 2 = maximum grid is written (maximum value for each of the grid cells over the entire model period)
# 1 = both grids are written (minimum and maximum value for each of the grid cells over the entire model period)
# only if Writegrid >= 10: 2nd digit: sums or means (n1n ... n8n)
# 0 = no sum grid will be written
# 1 = one sum grid will be written at the end of the model run
# 2 = one sum grid per model year
# 3 = one sum grid per model month
# 4 = one sum grid per day (only, if timestep < 1 day)
# 5 = one mean value grid at the end of the model run
# 6 = one mean value grid per model year
# 7 = one mean value grid per month
# 8 = one mean value grid per day
# last digit (nn1 ... nn5) (for actual values, not for Sums or means)
# 1 = (over)write each timestep into the same grid (for security in case of model crashes)
# 2 = write grids each timestep to new files, the name is build from the first 4 letters
#   of the regular grid name and then from the number of month, day and hour (hoer as file extension).
#   example: tempm500.grd will become prec0114.07 for 14.January, 7:00.
# 3 = only the last grid of the model run will be stored
# 4 = the grid from the last hour of each day (24:00) will be stored (for each day the same file will be overwritten)
# 5 = like 4, but each day a new grid file is created (like for code 2)
#
# outputcode (for statistic files for zones or subcatchments)
#
# the Codes behind the names of the statistic files have the meaning of:
# <1000 : no output
# 1<nnn> : spatial mean values for the entire basin, averaged in time over <nnn> intervals (timesteps)
# 2<nnn> : spatial mean values for all zones (subbasin) and for the entire basin, averaged in time over <nnn> intervals (timesteps)
# 3<nnn> : spatial means for the entire basin, added up in time over <nnn> intervals (timesteps)
# 4<nnn> : spatial means for all zones (subbasin) and for the entire basin, added up in time over <nnn> intervals (timesteps)
# 5<nnn> : spatial means for the entire basin and for those subbasins which are specified in the output-list, averaged in time over
<nnn> intervals
# 6<nnn> : spatial means for the entire basin and for those subbasins which are specified in the output-list, added up in time over
<nnn> intervals
#
# example:
# 2001 = per timestep for all subcatchments (and for the entire basin) one (spatially averaged) value,
# 2004 = each 4 time steps one averaged value over the last 4 time steps for all subcatchments and for the entire basin,
# 4024 = Sums of the mean subcatchment/entire basin values of the timesteps over 24 timesteps (e.g. daily rain sums for
subcatchments),
# 3120 = averaged values (over 120 time steps!) only for the entire basin (spatially averaged)
# 5012 = averaged values (over 12 timesteps) as spatial averages for the entire basin and for each of the subbasins specified in the
output-list

[output_list]
4      # number of subbasins which are scheduled for output (is only of interest, if the code for the statistic files are >5000)
1      # codes for the subbasins
2
3
4

[output_interval]
1      # increment of time steps until an output to the screen is done (24 = each day one output, if time steo = 1h)
1      # warning level for interpolation (no station within search radius)
1      # unit of routed discharge (0=mm/timestep, 1=m3/s)

[coordinates]
63.9   # geogr. latitude (center of the basin -> for radiation calculations)
-19.8  # geogr. longitude (center of the basin)
0      # meridian according to the official time (middle europe: 15)(east: 0 ... +180 degree, west: 0 ... -180 (or 360 ... 180)
1      # time shift of Meteo-data-time with respect to the true local time (mean sun time)
# e.g.: if meteo-data are stored in UTC-time and the time meridian is 15 east (central europe),
# than the local time is 1 hour later than the time in the meteo-data-file, so 1 hour has to be added to the time from this file
# this is important for calculation of sunshine duration and radiation

[elevation_model]
$inpath/$Elevation_model # grid with the digital elevation data

[zone_grid]

```

```

$inpath/$zone_grid # grid with Zone codes

[standard_grids]
6 # number of standard grids
$inpath/$land_use_grid landuse 1 # grid with land use data
$inpath/$slope_grid slope_angle 1 # grid with slope angle data
$inpath/$aspect_grid slope_aspect 1 # grid with slope aspect data
$inpath/$subcatchments zonegrid_soilmodel 1 # zone grid for the runoff generation model (and unstaured zone model)
$inpath/$soil_types soil_types 1 # soil types as codes for the soil table
$inpath/$flow_time_grid flow_times 1 # grid with flow times for surface runoff to the subbasin outlet
#$inpath/$hydr_cond_grid hydraulic_conductivity 1 # grid with hydraulic conductivity of the soil -> old soilmodel
$inpath/$field_capacity_grid available_soil_moisture 1 # grid with available soil moisture at field capacity [mm] -> old soil
model
# in seconds (produced using Tanalys, has to have the same zones as they are coded in the zone_grid for for the soil model
$inpath/$tracer_1 confluc_tracer_1_input 1
$inpath/$tracer_2 confluc_tracer_2_input 1
$inpath/$tracer_3 confluc_tracer_3_input 1
# $inpath/$tracer_4 confluc_tracer_4_input 1
# $inpath/$tracer_5 confluc_tracer_5_input 1
